



Fundur háskólaráðs 29. janúar 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 24.01.2002 13:00:37
Dags: 29.01.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

2/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, þriðjudaginn 29. janúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Lögð fram drög að viðbótarsamningi milli Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss ásamt fylgiskjölum sem tilbúin eru til dreifingar.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Einari Ragnarssyni, deildarforseta tannlæknadeildar þar sem tannlæknadeild fer fram á það við háskólaráð að í þetta sinn (á vormisseri 2002) verði teknir inn 8 nemar.
- Samþykkt einróma.
- 1.3 Lagt fram bréf frá Þórarni Sveinssyni, skorarformanni sjúkraþjálfunarskorar þar sem sjúkraþjálfunarskor fer fram á það við háskólaráð að heimilað verði að taka inn 21 nemanda að þessu sinni á 2. misseri.
- Samþykkt einróma.
- 1.4 Þórður Kristinsson lagði fram eftirfarandi tillögu:
Niðurstöður samkeppnisprófa í hjúkrunarfræðideild. Tillaga lögð fyrir háskólaráð 29. janúar 2002.
Í ljósi þess að einungis 44 nemendur á 1. ári í hjúkrunarfræðideild náðu öllum samkeppnisprófum í desember 2001 er fyrirsjáanlegt að ekki tekst, að óbreyttum reglum, að fylla þau 65 námspláss sem deildin hefur yfir að ráða. Að mati háskólaráðs skiptir afar miklu máli að laus námspláss séu nýtt sem best. Við þær sérstöku aðstæður sem uppi eru, samþykkir háskólaráð að eftirfarandi bráðabirgðaákvæði verði tekið upp í reglum fyrir Háskóla Íslands:
„Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 127 gr. reglna þessara er hjúkrunarfræðideild heimilt að víkja frá reglum um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði og ákveða að réttur þeirra stúdenta sem innrituðu sig til náms á 1. námsári við deildina á haustmisseri 2001 til áframhaldandi náms við deildina ráðist ekki af niðurstöðu samkeppnisprófa í desember 2001. Reglur um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði skulu endurskoðaðar og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. júní 2002.“

Samþykkt einróma.

- 1.5 Lagðar fram tillögur deilda um fjöldatakmarkanir háskólaárið 2002 – 2003.

Læknadeild:	2001-2002	2002-2003
- læknisfræði	40	48
- sjúkraþjálfun	18	20

Lyfjafraeðideild leggur ekki til fjöldatakmarkun.

Hjúkrunarfræðideild:	2001-2002	2002-2003
----------------------	-----------	-----------

- hjúkrunarfræði	65	65*
- ljósmóðurfræði	10	10
Tannlæknadeild:	6	6
Félagsvísindadeild:	2001-2002	2002-2003
- hagnýt fjölmiðlun	20	20
- námsráðgjöf	16	16
- félagsráðgjöf	18	18
- kennslufræði til kennsluréttinda	70	50
- cand. psych. nám	-	12

* Fyrirvari um fyrirkomulag samkeppnisprófa í hjúkrunarfræði.

1.6 Kjör í stjórnir Sjávarútvegsstofnunar, Umhverfisstofnunar og Stofnunar Sigurðar Nordals.

Fyrir fundi ráðsins 3. janúar sl. lágu tilnefningar í stjórnir eftirtalinna stofnana:

Sjávarútvegsstofnun:

Logi Jónsson dósent, tilnefndur af raunvísindadeild,

Páll Jensson prófessor, tilnefndur af verkfræðideild,

Þorvaldur Gylfason prófessor, tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild

Þórólfur Þórlindsson prófessor og til vara Hannes H. Gissurarson prófessor, tilnefndir af félagsvísindadeild.

Til viðbótar er Jón Atli Benediktsson prófessor, skipaður án tilnefningar.

Umhverfisstofnun:

Guðrún Gísladóttir, tilnefnd af raunvísindadeild,

Júlíus Sólmes prófessor og til vara Birgir Jónsson dósent, tilnefndir af verkfræðideild,

Þórólfur Matthíasson dósent, tilnefndur af viðskipta- og hagfræðideild,

Kristín Loftsdóttir lektor og til vara Unnur Dís Skaptadóttir dósent, tilnefndar af félagsvísindadeild.

Til viðbótar er Jón Atli Benediktsson prófessor, tilnefndur af rektor.

Stofnun Sigurðar Nordals:

Þóra Björk Hjartardóttir dósent, Már Jónsson dósent og til vara Guðrún Nordal dósent og Ásdís Magnúsdóttir lektor, tilnefnd af heimspekideild,

Ólafur Ísleifsson hagfræðingur, og til vara Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur, tilnefndir af rektor.

- Samþykkt samhljóða.

1.7 Form tengsla og samstarfs við aðila á landsbyggðinni, sbr. samþykkt 6.12.2001 ásamt mati á lágmarkskostnaði við rekstur setra úti á landi, sbr. beiðni 6.12.2001.

- Frestað.

1.8 Lagt fram bréf frá Þorvarði Tjörva Ólafssyni, formanni Stúdentaráðs og Dagnýju Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Stúdentaráðs dags. 10. janúar 2002 er varðar breytingar á inntöku í læknadeild Háskóla Íslands.

- Samþykkt að óska eftir umsögn læknadeildar.

1.9 Lagt fram samþykki deildarráðs heimspekideildar frá fundi 25. janúar 2002.

Ályktun til háskólaráðs

„Fundur deildarráðs heimspekideildar 25. janúar 2002 mótmælir eindregið þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við skiptingu launabóta frá ríkinu til háskólans fyrir árið 2001. Deildir bera ekki ábyrgð á þeim kostnaðarhækkunum sem verða við kjarasamninga og úrskurði kjaranefndar og ber því að bæta þeim allan þann kostnað. Launabótum á ekki að rugla saman við umbun til deilda fyrir þreyttar einingar og rannsóknavirkni. Þessi vinnubrögð eru alvarleg ógnun við starfsemi heimspekideildar sem er í slæmri skuldastöðu vegna launahækkana síðustu misseri.”

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram yfirlit yfir reglur deilda og stofnana Háskóla Íslands sem háskólaráð hefur samþykkt.
- 2.2 Lagður fram samningur milli Paul Valéry háskólans – Montpellier III og Háskóla Íslands.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Samþykkt 6. háskólafundar 1. nóvember 2001 um þróunaráætlanir deilda og stofnana. Umræða.
Fyrir fundinum lá minnisblað frá fundi rektors með deildarforsetum 28. janúar sl. um áframhald vinnunnar við þróunaráætlanir deilda og stofnana. Málið var rætt ítarlega og lögð áhersla á mikilvægi þess að samræma allt stefnumótunarstarf og finna því farveg sem skýri og skerpi markmið, úrvinnslu og stefnumið. Þannig eigi þróunaráætlanir deilda og stofnana og heildaráætlun Háskólans til samans að mynda sjóndeildarhring sem gefur öllu starfi Háskólans stefnufestu og skýr markmið.
- 3.2 Tillaga að áætlun Háskólans um framkvæmdir og viðhald 2002.
Ingjaldur Hannibalsson lagði fram og skýrði drög að fjárhagsáætlun Háskóla Íslands 2002, dags. 28.1.2002, þar sem m.a. kemur fram að velta Háskólans á árinu 2002 er áætluð tæpir 8 milljarðar króna. Einnig skýrði Ingjaldur framlögð drög að áætlun um byggingar og viðhald 2002, dags. 29.1.2002, og svaraði framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 3.3 Endurskoðun á aðferðum og viðmiðunum við skiptingu fjár. Umræða.
- Frestað.
- 3.4 Framhald vinnu við útfærslu rannsóknasamnings, ásamt tímaáætlun.
- Frestað.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 16.10